


Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	9/1 2017
Málsnr:	1701108
Bréfal:	261.0

b.t. Bæjarstjóra, Haraldar L. Haraldssonar

**Efni: Ósk um húsnæði fyrir starfsemi Víkingafélagsins Rimmugýgjar**

*Víkingafélagið Rimmugýgur óskar eftir því að Hafnarfjarðarbær haldi áfram að styrkja félagið með því að útvega húsnæði í bæjarfélaginu.*

Ágæta bæjarráð,

Rimmugýgur er félag áhugamanna um menningu og bardagalist víkinga. Tilgangur félagsins er að stuðla að auknum áhuga á víkingatímabilinu og uppruna þjóðarinnar. Rimmugýgur var stofnað við Öxarárfoss á Þingvöllum 7. júní 1997.

Rimmugýgur er hafnfirskt víkingafélag. Frá stofnun félagsins hefur Hafnarfjarðarbær hjálpað félaginu um húsnæði og hefur félagið verið á ýmsum stöðum í bænum, nú seinustu árin á efstu hæðinni á Lækjargötu 2, Dvergi. Á móti húsnæðisstyrk frá bænum hefur Rimmugýgur verið tilbúið að koma fram á ýmsum uppákomum á vegum bæjarins, bænum að kostnaðarlausu, og m.a. komið fram á uppákomum í tengslum við 17. júní.

Rimmugýgur er fjármagnað með félagsgjöldum og einstökum uppákomum fyrir ferðamenn. Tekjur félagsins fara allar í kaup á víkingabúnaði, viðgerðum, viðhaldi og rekstri. Í dag erum við í um 233 m<sup>2</sup> í Dvergi og skiptist það húsnæði að mestu leyti í 3 hluta, geymslu, smíðastofu og fundasal.

Félagsmenn á skrá eru um 245, þar af eru fullgildir félagar, svonefndir axaberar 105, en æfingafélagar og væntanlegir axaberar um 140. Rúmlega helmingur félagsmanna er frá Hafnarfirði. Alla jafna tekur um helmingur félagsmanna virkan þátt í félagsstarfinu hverju sinni.

Það er von okkar að Hafnarfjarðarbær geti áfram styrkt okkur um húsnæði svo félagið geti verið áfram í Hafnarfirði.

Við erum reiðubúin að kynna frekar fyrir ráðinu starfsemi félagsins, sé þess óskað. Einnig viljum við bjóða bæjarráði sem og bæjarstjórn allri og bæjarstjóra að heimsækja okkur í Dverg, laugardaginn 28. janúar, milli kl. 13:00 og 17:00 til að sjá þá starfsemi sem er í gangi hjá okkur. Sérstakt boðsbréf verður sent vegna þessa.

Meðfylgjandi er handbók Rimmugýgjar sem segir nánar um félagið.

Með vinsemd og virðingu,  
Hafsteinn Pétursson, Jarl Rimmugýgjar  
Úlfar Danielsson, gjaldkeri Rimmugýgjar